

L Ö G

um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigi má fjölga starfsliði við ríkisstofnanir eða annars staðar í ríkisrekstrinum, nema leitað hafi verið tillagna trúnaðarmanna þeirra, er um ræðir í 3. gr. Enn fremur er ráðherra eða forstöðumanni stofnunar óheimilt að ráða í stöðu, sem losnar, nema leitað hafi verið tillagna með sama hætti og greinir hér á undan.

Þetta gildir þó eigi um stöður, sem ákveðnar eru með lögum, né faglærða iðnaðarmenn og verkamenn, sem laun taka samkvæmt sérstökum kjarasamningum.

2. gr.

Enga nýja ríkisstofnun má setja á fót, nema með lögum, og skal um starfsmannafjölda leita tillagna með sama hætti og segir í 4. gr., að svo miklu leyti sem lög um stofnunina geyma eigi fyrirmæli um mannahald.

3. gr.

Ráðuneytisstjórnin í fjármálaráðuneytinu, einn maður tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis til eins árs í senn og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni í heild til jafnlangs tíma, skulu gera tillögur um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan reksturskostnað.

Varamann fyrir ráðuneytisstjórnin í fjármálaráðuneytinu tilnefnir fjármálaráðherra, en fjárveitinganefnd og ríkisstjórnin í heild, hvor fyrir sig, sinn fulltrúa.

4. gr.

Nú kemur fram ósk um fjölgun starfsmanna við ríkisstofnun eða ráðningu í lausa stöðu, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti senda beiðnina til trúnaðarmanna þeirra, sem um getur í 3. gr. Er skipun, ráðning eða setning í stöðuna ógild þar til tillögur þeirra hafa borizt. Tillaga skal gerð eigi síðar en hálfum mánuði eftir að erindi barst, nema hlutaðeigandi ráðherra samþykki lengri frest. Telji ráðherra eigi fært að fara að tillögunum, er hann eigi við þær bundinn, en skal þá senda fjárveitinganefnd Alþingis rökstudda greinargerð.

5. gr.

Nú vill stofnun, er lög þessi taka til, auka við húsnæði sitt, kaupa bifreið eða gera aðrar ráðstafanir, sem auka verulega reksturskostnað stofnunarinnar, og skal þá með fara á sama hátt og segir í 4. gr. um fjölgun starfsliðs.

6. gr.

Skylt er hlutaðeigandi ráðuneytum og stofnunum að láta trúnaðarmönnum þeim, er um ræðir í 3. gr., í té allar nauðsynlegar upplýsingar.

7. gr.

48

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd þess- 10. júní
ara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

49

um lífeyrissjóð togarasjómanna.

12. júní

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjómönnum, ekkjum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum. Sjóðurinn nefnist lífeyrissjóður togarasjómanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til sem stofnfé hálfa milljón króna árið 1958 og hálfa milljón króna árið 1959.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara.

4. gr.

Réttindi þau, er togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, sbr. 22. gr. þeirra laga.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, en hinn þriðji af Félagi íslenskra hotnvörpuskipaeigenda.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.